



ÚTTEKT Á STÖÐU KVENNA Í SAUÐFJÁRRÆKT

1. ÁFANGI

LANDSSAMBAND SAUÐFJÁRBÆNDA

RANNSÓKNASTOFNUN Í JAFNRÉTTISFRÆÐUM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

FEBRÚAR 2016

ÚTTEKT Á STÖÐU KVENNA Í SAUÐFJÁRRÆKT

1. ÁFANGI



RIKK
RANNSÓKNASTOFNUN
Í JAFNRÉTTISFRÆÐUM

Höfundar:

Ásta Jóhannsdóttir, Kristín I. Pálsdóttir og Erla Hlín Hjálmarsdóttir

Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands
6. febrúar 2016

UM ÚTTEKTINA

Landssamtök sauðfjárbænda hófu vinnu við úttekt á stöðu kvenna í sauðfjárrækt við lok árs 2015 og er fyrsta áfanga úttektarinnar nú lokið. Tilgangur þessa fyrsta áfanga úttektar á stöðu kvenna í sauðfjárrækt er að skoða hvort að þar halli á konur og ef svo er, skoða leiðir til úrbóta. Um er að ræða svokallaða gloppugreiningu þar sem leitast er við að kortleggja hvaða upplýsingar vantar til að fá fyllri mynd af stöðu kvenna í greininni og leggja fram markvissar tillögur til úrbóta.

Þessi fyrsti hluti úttektarinnar er unninn af RIKK, Rannsóknastofnun í janfréttisfræðum við Háskóla Íslands.

Efnisyfirlit

1. Samantekt	3
2. Inngangur	5
3. Kyngervi og áhrif þess	7
4. Eignir og lífeyrisréttindi	7
5. Vinnuframlag kvenna í sauðfjárrækt.....	10
6. Félags- og efnahagsleg staða kvenna í sauðfjárrækt.....	12
7. Hvað hefur verið gert til að bæta stöðu kvenna í sauðfjárrækt?	15
Ímynd frumkvöðulsins.....	16
8. Hvað gefa fyrri rannsóknir til kynna og hvernig er hægt að bæta stöðuna?.....	17
9. Gloppur í rannsóknum á sviðinu	19
10. Frekari rannsóknir og mótun tillagna til úrbóta.....	20
11. I Söfnun og greining almennra gagna	20
Tölulegar greiningar	20
Spurningakönnun meðal bænda	21
Kerfislægar breytingar.....	21
Djúpvíðtöl við konur innan greinarinnar	21
Samanburður milli landshluta og skoðun á verkefnum sem heppnast hafa vel	22
12. II. Opnir fundir með konum í sauðfjárrækt.....	22
13. III. Mótun tillagna til úrbóta.....	23
14. Aðrar tillögur til úrbóta.....	24
Heimildaskrá.....	25

Samantekt

Landssamtök sauðfjárbænda hafa hafið vinnu við úttekt á stöðu kvenna í sauðfjárrækt og er fyrsta áfanga úttektarinnar nú lokið. Tilgangurinn er að skoða hvort halli á konur innan greinarinnar og ef svo er, skoða leiðir til úrbóta. Nokkur verkefni hafa verið sett á laggirnar til að bæta stöðu kvenna í landbúnaði undanfarin ár, s.s. jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands og verkefnið Byggjum brýr, Fósturlandsins freyjur og Lifandi landbúnaður. Þessi verkefni hafa náð ágætum árangri en ráðast þó ekki að rótum vandans.

Segja má að niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið á stöðu kynjanna í landbúnaði beri allar að sama brunni. Rétt og sanngjörn skráning eigna er mjög mikilvægur þáttur þegar kemur að jafnrétti kynjanna en enn hefur ekki verið framkvæmd ítarleg úttekt á eignaréttarstöðu kynjanna í landbúnaði hér á landi. Þó liggur fyrir að karlar eru fremur skráðir fyrir eignum, réttindum, fá beingreiðslur í meira mæli og afla sér meiri lífeyrirsréttar. Jafnframt er aðgengi kvenna að styrkjum og lánsfé innan greinarinnar verra en karla. Þá koma fram vísbendingar um að vinna kvenna í sveitum sé óskráð, ólaunuð og ósýnileg í opinberum gögnum. Lítil hluti kvenna er virkur í félagsstörfum tengdum landbúnaði, bæði vegna mikils vinnuálags og vegna þess að þær telja að rödd sín heyrist ekki innan félagasamtakanna.

Í niðurstöðum þessa fyrsta áfanga úttektar á stöðu kvenna í sauðfjárrækt er lagt til að skráning á kyngreindum upplýsingum um einstaklinga sem starfa í landbúnaði verði bætt og að kynjasambætting verði innleidd á markvissan máta innan landbúnaðarkerfisins, til dæmis hjá Bændasamtökunum, Búnaðarfélögum og í málefnum landbúnaðarins innan atvinnuvega- og ráðuneytis. Markmiðið er að tryggja að jafnréttissjónarmið komi til skoðunar á öllum stigum stefnumótunar og framkvæmdar. Þá er bent á að mikilvægt skref í átt til aukins

jafnréttis sé að aðildarfélög Landssamtaka sauðfjárbænda gæti að kynjasjónarmiðum við kosningu í stjórnir og önnur trúnaðarstörf. Enn fremur er lögð áhersla á að mikilvægt sé að styrkja tengslanet kvenna í landbúnaði og loks er atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hvatt til að endurskoða reglur um skráningu bóa og eigna í landbúnaði með það að markmiði að tryggja rétt kvenna.

Mikill vilji er meðal forystufólks íslenskra sauðfjárbænda til að jafna hlut karla og kvenna innan greinarinnar og er þessi fyrsti áfangi úttektarinnar því til vitnis. Bætt staða kvenna í sauðfjárrækt er ekki einungis réttlætismál, heldur stuðlar að nýliðun innan greinarinnar og aukinni nýsköpun sem mikilvægt er að hlúa að til framtíðar.

Í næstu áföngum úttektarinnar verður staða kvenna innan sauðfjárræktar rýnd frá ólíkum sjónarhornum og markvissar tillögur til úrbóta settar fram. Þegar meginniðurstöður liggja fyrir er fyrirhugað að halda opna samráðsfundi með konum í sauðfjárrækt í heimabyggð þeirra þar sem ólíkar leiðir til úrbóta eru skoðaðar.

1. Inngangur

Fólksflutningar frá dreifbýli til þéttbýlis hafa aukist gríðarlega á síðustu öld þar sem hlutföllin hafa snúist við frá því að 77% íbúa landsins bjuggu í dreifbýli í það að í dag eru yfir 90% íbúa í þéttbýli og langflestir þeirra innan höfuðborgarsvæðisins (Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið, 2013). Þegar kynjahlutfall í búsetu er greint nánar sést að hlutfall kvenna í sveitahéruðum er mun lægra en í öðrum sveitarfélögum landsins (Ingólfur Gíslason & Kjartan Ólafsson, 2005). Jafnframt hefur sú þróun átt sér stað að konur í landbúnaði eru að eldast og karlar að yngjast, en nýliðun byggir að miklu leyti á ungum körlum, en samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar um stöðu kvenna í landbúnaði og tengdum greinum, sem unnin var fyrir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra (2014) voru einungis 8% kvenna 34 ára eða yngri í geiranum á móti 40% karla. Þennan kynjamun er mögulega hægt að skýra með því að synir taki frekar við búrekstri en dætur og að fleiri konur en karlar stundi aðra vinnu með bústörfum og því sé þeirra framlag til búrekstrar síður skilgreint sem slíkt (Byggðastofnun, 2014).

Hér verður kastljósinu beint að stöðu kvenna í sauðfjárrækt á Íslandi. Skoðað er hvort halli á konur innan sauðfjárræktar og ef svo er, hvaða leiðir eru færar til að bæta þar úr. Mikilvægt er að greina stöðuna og gera tillögur um áframhaldandi rannsóknir sem eru til þess fallnar að varpa skýrara ljósi á stöðu kvenna innan greinarinnar og gera út frá því stefnubreytingar sem rétta við mögulegan halla. Eins gefur innsýn inn í stöðu kvenna í sauðfjárrækt vísbendingar um hvernig má vinna að umbótum í sauðfjárrækt, byggðamálum, nýliðun, nýsköpun og því að tryggja réttindi bænda.

Þær umbætur sem sóst er eftir hér varða stöðu kvenna í greininni sem og að vinna að almennum umbótum í greininni. Umfjöllun byggir á ýmsum fyrirliggjandi rannsóknum og skýrslum sem og samtölum við tvo sérfræðinga, Bjarnheiði

Jóhannsdóttur verkefnastjóra hjá Impru og Hjördísi Sigursteinsdóttur sérfræðing hjá HRA og aðjúnkt við félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Þessar konur voru valdar vegna þekkingar sinnar á stöðu kvenna í landbúnaði.

Tvö óformleg samtöl/viðtöl voru tekin við kvenkyns sauðfjárþændur, önnur konan er nýlega byrjuð í búskap og er undir 25 ára, hin hefur haldið bú í yfir tíu ár og er rúmlega þrítug. Hér eftir er vísað til þeirra sem þændur og nota persónufornafnið „þær“ á undan.

2. Kyngervi og áhrif þess

Þegar skoða á stöðu kvenna í sauðfjárrækt á Íslandi, er mikilvægt að hafa í huga þau hugmyndafræðilegu áhrif sem kyn og kyngervi hafa. Kyn er skilgreint sem líffræðilegt kyn en kyngervi sem félagslegt kyn. Félagslegt kyn vísar til þeirra væntinga sem samfélagið hefur til þess hvaða einkenni karlar og konur hafa (sjá t.d. Francis, 2006; Guðnýju Guðbjörnsdóttur, 2007; Paechter, 2007). Væntingarnar geta til dæmis tekið til þess hvernig karlar og konur eigi að hegða sér, klæða sig og við hvað þau eigi að vinna. Hugmyndir okkar um bóndann hafa í gegnum söguna gjarnan verið tengdar körlum. Nafnið sjálft er karlkyns og því lendum við strax í málfræðilegum vandræðum þegar við tölum um konur sem bændur. Þau viðhorf sem koma fram hér á eftir, þegar farið verður yfir stöðu þekkingar og reynslu tveggja ungra bænda (kvk), endurvarpa hugmyndum okkar um karlmennsku og kvenleika. Þær Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2009) fjalla einnig um þessar hugmyndir og erlendar rannsóknir sem sýna að rótgróin kynhlutverk hafi lítið breyst þar sem hið kvenlega sé undirskipað og hið karllæga yfirskipað.

3. Eignir og lífeyrisréttindi

Rétt og sanngjörn skráning eigna er mjög mikilvægur þáttur þegar kemur að jafnrétti kynjanna. Sambúðarfólk sem rekur saman bú þar sem aðeins annar aðilinn er skráður fyrir öllum eignum býr ekki við jafnan rétt ef til sambandslita kemur. Árið 2004 var lagt til að framkvæmd yrði athugun á eignaréttastöðu kynjanna í landbúnaði. Tilgangurinn var að kanna hvort þörf væri á aðgerðum til að jafna hlut karla og kvenna í því tilliti (Velferðarráðuneytið, 2004). Til slíkra aðgerða hefur ekki verið blásið ennþá eftir því sem næst verður komist.

Í grein Hjördísar Sigursteinsdóttur og Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur (2009) kemur fram að mun algengara er að karlar séu eingöngu skráðir fyrir búrekstrinum eða í 62% tilvika á meðan konur eru eingöngu skráðar fyrir búrekstri í 24% tilfella.

Þegar greiðslumark er selt af jörð er tilskilið að samþykki þingslýstra eigenda þeirrar jarðar sem seld er þurfi að liggja fyrir. Í lögum um fasteignakaup er hins vegar einnig tilskilið að samþykki maka þurfi við sölu. Í landbúnaði getur því komið upp sú staða að ef aðeins annað hjóna er þinglýstur eigandi að jörð geti sá aðili selt greiðslumark án samþykkis maka (Sigríður Elín Þórðardóttir ofl., 2005). Í skýrslu sem var unnin fyrir Byggingastofnun að frumkvæði jafnréttisráðgjafa Norðurlands vestra um stöðu og viðhorf kvenna í dreifbýli á Norðurlandi vestra kom í ljós að búin voru í flestum tilfellum skráð á maka kvennanna eða í 63% tilvika. Bæði voru skráð fyrir búi í 15% tilvika, en konan ein í 10% tilvika (Hjördís Sigursteinsdóttir, 1998). Sama er uppi á teningnum í rannsókn frá árinu 2008 þar sem kemur fram að mun algengara er að karlar séu eingöngu skráðir fyrir búrekstrinum. Þó er áhugavert að sjá að hjá yngra fólkinu er algengara að bæði hjónin séu skráð fyrir búrekstrinum (Hjördís Sigursteinsdóttir, 2008). Svipað mynstur má sjá í rannsókn Magnfríðar Júlíusdóttur og fleiri (2009), en þar kemur fram að algengast er að hjón sem reka býli saman séu bæði skráð sem eigendur. Þó var enn algengast að karlar væru skráðir „ábúandi 1“ og konur sem „ábúandi 2“ og margar konur skilgreindu sig sjálfar sem „ábúanda 2“. Þetta telja rannsakendur vera „til marks um hvað hin kynjaða ímynd af bónda og forsvarsmanni býlis sem karlmanni virðist enn vera sterk. Má tengja það því hversu algengt er að sonur taki við búi, auk kynjaímynda um störf og ábyrgð í samfélaginu“ (Magnfríður Júlíusdóttir, 2009, 41).

Í báðum samtölunum við bændurna kom fram að eiginmenn þeirra eru einir skráðir fyrir beingreiðslum. Ástæðan sem gefin er upp er sú að annars þyrftu þau

að greiða skatta af tveimur ársstörfum en ekki einu og að þau hafi ekki efni á að greiða tvö tryggingagjöld. Þetta vekur upp spurningar um almenna fjárhagsstöðu sauðfjárbænda. Í því ljósi er vert að nefna að aðeins 13% viðmælenda Hjördísar (2008) töldu tekjur búsinns fullnægjandi til að framfleyta fjölskyldunni.

Árið 2004 voru um 83% handhafa beingreiðslna í sauðfjárrækt karlar (Sigríður Elín Þórðardóttir ofl., 2005). Samkvæmt tölum úr greiningu á búvörusamningum (Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið, 2013) kemur fram að þetta hlutfall hefur ekki mikið breyst því í sauðfjárrækt eru karlar enn handhafar beingreiðslna í 82,2 % tilvika og þáðu 85% af heildarbeingreiðslum á meðan konur voru handhafar í 15,2% tilfella og þáðu 12% heildargreiðslna. Vert er að taka fram að einungis einn aðili getur verið viðtakandi beingreiðslna skv. reglugerð nr. 11/2008 og í langflestum tilfellum er það karl, eins og dæmin sýna. Það þarf því að stofna félag ef hjón ætla bæði að þiggja sömu beingreiðsluna (Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneytið, 2013). Samkvæmt viðmælendum skýrsluhöfundar er hægara sagt en gert að stofna félag vegna þess kostnaðar sem því fylgir.

Mikilvægt er að skoða hvort beingreiðslur úr ríkissjóði leiði til félagslegra réttinda í lífeyrissjóðskerfinu. Í 5. grein laga um lífeyrissjóð bænda nr. 12/1999 segir m.a. „Sjóðurinn annast innheimtu iðgjalda. Á greiðsludögum beingreiðslna samkvæmt búvörulögum skal halda eftir af þeim iðgjaldi þeirra sjóðfélaga sem beingreiðslna njóta fyrir næstliðinn mánuð og skila því til sjóðsins eigi síðar en 30 dögum eftir að það er greitt og skal það sundurliðað eftir sjóðfélögum og tímabilum.“

Við vinnslu áfangaskýrslu II í kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð um búvörusamninga voru lífeyrisréttindi skoðuð (2013). Þar kemur fram að „lífeyrissjóði bænda [er] gert það skylt að halda eftir lífeyrisgreiðslum áður en greiðslurnar eru greiddar út til handhafa þeirra, væntanlega samkvæmt reiknuðu endurgjaldi. Á það var þó bent, munnlega, á fundi með fulltrúum lífeyrissjóðs bænda sem haldinn

var í sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, að hægt væri að biðja um að hluti beingreiðslanna færi einnig til maka handhafa beingreiðslanna. Slík beiðni þarf þá væntanlega að koma frá þeim sem er skráður fyrir beingreiðslunum, þar sem í lögum er einungis talað um þann aðila sem beingreiðslunnar nýtur“ (Atvinnuvega og nýsköpunarráðuneytið, 2013, 6-7).

Til að sjá hversu algengt það sé að bændur nýti sér þann möguleika að hluti beingreiðslna fari til maka þarf að vinna kyngreind gögn frá lífeyrissjóði bænda. Einnig þarf að skoða hvort þessi möguleiki er nýttur eða bara til staðar án þess að hafa áhrif á stöðu kvenna. Hvort sem hann er nýttur eða ekki eru völdin hjá þeim sem er skráður fyrir beingreiðslunni sem felur í sjálfu sér ekki í sér jafnrétti.

Þetta vekur upp þá spurningu hvaða máli skiptir hvort konur eru skráðar fyrir beingreiðslum til jafns til karla. Konur missa af mikilvægum réttindum á meðan þær fá engar beingreiðslur þar sem þær vinna sér ekki inn lífeyrisréttindi og þessi staða getur skilið þær eftir í fátæktargildru á efri árum. Íslenskar konur hafa almennt unnið sér inn minni réttindi í lífeyrissjóðum sem skýrist m.a. af ólaunaðri vinnu þeirra innan heimila. Kynbundinn launamunur framlengist því inn í eftirlaunaaldur (Steinunn Rögnvaldsdóttir, 2012). Þá njóta konur ekki annarrar þjónustu sem lífeyrissjóðir bjóða uppá, eins og endurmenntunar, og jafnframt má benda á að afleiðingin er einnig sú að konur í landbúnaði eru síður sýnilegar en karlar og geta jafnvel ekki leyst út vörur fyrir heimilið án þess að gefa upp kennitölu makans (Anna Margrét Stefánsdóttir, 2002).

4. Vinnuframlag kvenna í sauðfjarrækt

Í rannsókn Hjördísar Sigursteinsdóttur (1998) á stöðu kvenna á Norðurlandi vestra kemur fram að vinnuframlag þeirra er mjög mikið þar sem þær vinna mikið við búreksturinn og helmingur kvennanna stundar einnig launavinnu utan bús. Þar af stundar tæplega helmingur kvennanna fulla vinnu fyrir utan bú- og

heimilisstörf. Mikill meirihluti þeirra starfar við einhvers konar þjónustu, bæði opinbera (37,5%) og aðra (16,7%).

Í langflestum tilfellum duga tekjur búans ekki til að framfleyta fjölskyldunni og á það sérstaklega við um sauðfjárbúin (Hjördís Sigursteinsdóttir, 1998). Tíu árum síðar, í könnun á landsvísu, kemur í ljós að aðeins 13% sauðfjárþænda sem tóku þátt telja að tekjur búans séu fullnægjandi til að framfleyta fjölskyldunni (Hjördís Sigursteinsdóttir, 2008). Þetta virðist ekki hafa breyst mikið því önnur rannsókn frá 2015 segir sömu sögu, að afkoman sé ekki nægilega góð og að sauðfjárþæpur væri góður í bland við annað og sótti meirihluti viðmælenda í rannsókninni vinnu af bæ (Hjalti Jóhannesson & Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2015).

Til dæmis um hátt vinnuframlag kvenna í landbúnaði er sú staðreynd að 40,1% kvennanna í rannsókninni á Norðurlandi vestra (Hjördís Sigursteinsdóttir, 1998) skila meira en einu ársverki á búinu, en hafa skal í huga að margar þeirra voru tregar til að tilgreina tímafjölda og voru ekki vissar, þess vegna gætu stundirnar vel verið fleiri. Sú staðreynd að svo hátt hlutfall kvenna skili meira en einu ársverki á meðan beingreiðslur og skráning á búi er að stærstum hluta hjá maka er óneitanlega til vitnis um óskráða, ólaunaða og ósýnilega vinnu kvenna í sveitum.

Í niðurstöðum könnunar Hjördísar frá 2008 ver rúmur helmingur kvenna til sveita meira en 20 tímum á viku í heimilisstörf. Tíunda hver kona ver sem samsvarar almennri vinnuviku eða meira í heimilisstörf. Mikill meirihluti karla til sveita eyðir hins vegar tíu stundum eða færri á viku í heimilisstörf, flestir innan við fimm tímum. Þetta virðist vera tregbreytilegt, því í samtölum við bændurna kom einmitt þessi togstreita upp, þetta að „þurfa að jagast í honum að hjálpa til inni“. Báðir bændurnir lýstu því að heimilisstörf væru meira á þeirra könnu. Þeim þótti það þó ekki endilega eiga að vera þannig og önnur sagði mann sinn duglegan að hjálpa til inni á álagstímum, á meðan hinni fannst ósanngjarnt að hún hjálpaði til úti og

því væri sanngjarnt að eiginmaðurinn hjálpaði til inni. Þetta lýsir samt í hnotskurn þessari skiptingu á milli opinbera sviðsins og einkasviðsins sem virðist ætla að breytast hægt.

Í viðtalskönnun sem framkvæmd var 2007 nefndu nokkrar konur að krafan um að hafa til kaffi og mat nokkrum sinnum yfir daginn sliti mikið í sundur tímann sem þær hefðu til að sinna nýsköpunarverkefnum, t.d. í framleiðslu og sölu handverks:

... konur byrja að vinna við eitthvað, þá er komið að hádegismat. Eftir hann er byrjað aftur og strax komið kaffi. Þegar þú ert búin að ganga frá eftir það er að koma kvöldmat. Svona gengur þetta allan daginn af því að karlinn býst við að fá sína þjónustu. Þetta er algengt, en náttúrulega eru sumir karlmenn að verða rosa duglegir að hjálpa inni sem úti. (Austurland, 44 ára kona) (Magnfríður Júlíusdóttir ofl., 2009, 50).

Á þessu má sjá að vinnuframlag kvenna í landbúnaði á Íslandi er vanmetið en sú gagnrýni hefur einnig komið fram erlendis (Sjá til dæmis Bock, 2006; Gasson, 1992), að vinnuframlag kvenna í landbúnaði sé vanmetið og að vinna kvenna sé gerð ósýnileg með því að skilgreina hana að mestu sem heimilisstörf en ekki bústörf.


5. Félags- og efnahagsleg staða kvenna í sauðfjárrækt

Í skýrslu Hjördísar Sigursteinsdóttur frá 1998 var spurt um þátttöku í félagsstörfum landbúnaðarins og sveitarstjórnarmálum. Um 21% kvennanna voru virkar í félagsstörfum tengdum landbúnaði eða 83 konur (Hjördís Sigursteinsdóttir, 1998). Aðspurðar hver ástæðan væri fyrir þessari litlu virkni, nefndi stór hópur áhugaleysi en einnig nefndu margar að þær ættu illa heimangenget eða að málaflökkurinn væri rígbundinn karlahefð (Hjördís Sigursteinsdóttir, 1998; Sigríður Elín Þórðardóttir ofl. 2005). Í samtali við bændurna kom einmitt fram

Þessi karlahefð sem þær upplifa að sé enn til staðar, til dæmis að konur þurfi að hafa mikið fyrir því að á þær sé hlustað innan félagasamtaka.

Búnaðarþing er aðalfundur Bændasamtaka Íslands og fer með æðsta vald í öllum málefnum þeirra. Fulltrúar á Búnaðarþingi eru að hámarki 48, 29 kjörnir af búnaðarsamböndum og 19 kjörnir af búgreinasamböndum (Bændasamtök Íslands, 2014). Á Búnaðarþingi árið 2014 sátu 37 karlar og 11 konur sem aðalmennt, hlutfallið var 77% karlar á móti 23% konum. Í stjórnnum 11 búnaðarsambanda sitja 45 fulltrúar, 34 karlar og 11 konur, 76% fulltrúa eru karlar og 24% eru konur. Í sjö búnaðarsamböndum er karl stjórnarformaður en í fjórum er kona stjórnarformaður (Byggðastofnun, 2014). Í Landssamtökum sauðfjárbænda er karl stjórnarformaður en auk hans tveir karlar og tvær konur í stjórn. Alls eru innan stjórnar og nefnda 10 karlar og 3 konur, þar af ein án atkvæðisréttar (Landssamtök sauðfjárbænda, stjórn, e.d.).

Landssamtök sauðfjárbænda Félagatal 2015: hlutfall kvenna og karla



MYND.1 HLUTFALL KVENNA OG KARLA INNAN LANDSSAMTAKA SAUÐFJÁRBÆNDA

Á mynd 1 má sjá skífurit unnið upp úr félagatali Landssamtaka sauðfjárbænda frá ágúst 2015. Þar má sjá að karlar eru rúmlega tvisvar sinnum fleiri en konur. Víst er að bót yrði að því fyrir félagið ef kynjahlutfallið væri jafnara og rödd kvenna innan sauðfjárræktar sterkari.

Þegar litið er til efnahagslegar stöðu og aðstoðar eða aðgangs að lánsfjármagni kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar frá 2005 töldu konur sem stunduðu atvinnurekstur innan landbúnaðarins sig hvorki hafa fengið viðundandi ráðgjöf né stuðning frá Bændasamtökunum. Þær sögðu samtökin mikið karlaveldi og að enn væru ríkjandi karllæg viðhorf og gildi sem gerðu ráð fyrir því að karlmaðurinn stjórnaði búinu og hefði ákvörðunarvaldið. Konan ætti að annast heimilisreksturinn en karlinn búreksturinn (Sigríður Elín Þórðardóttir ofl., 2005). Þetta rímar við margt af því sem kom fram í samtali við bændurna í þessari úttekt, en þar kom fram að hið rótgróna viðhorf að HANN væri bóndinn og allt sem gerðist gott í ræktun fengi hann kredit fyrir þó svo að hjónin litu sjálf svo á að þau væru bæði jafn miklir bændur með jafn mikinn áhuga á ræktun.

Þegar kemur að aðgengi að styrkjum og lánsfé hafa ýmsar rannsóknir sýnt fram á verra aðgengi kvenna (sjá til dæmis Hjördís Sigursteinsdóttir & Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2009; Sigríður Elín Þórðardóttir ofl., 2005). Framleiðnisjóður landbúnaðarins starfar samkvæmt lögum nr. 89/1966 og er lögbundið hlutverk sjóðsins að veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði og atvinnurekstrar á bújörðum. Í ársskýrslu 2014 kemur fram að styrkir til atvinnueflingar og þróunar á bújörðum eru 16 talsins, þar af fengu fjórar konur og átta karlar styrki en fjórar umsóknir voru ekki kyngreinanlegar (heiti bús notað í styrkumsókn) (Framleiðnisjóður landbúnaðarins, 2014). Rétt er að nefna að framleiðnisjóður landbúnaðarins styrkir mun fleiri en hér er upptalið, en hér er einblínt á atvinnueflingar- og þróunarstyrki.

Staðsetning býla getur jafnframt haft áhrif á félagslega og efnahagslega stöðu bænda og þá er áhugavert að skoða rétt bænda til veikindaorlofs og aðgengi að sjúkraþjónustu í heimasveit.

6. Hvað hefur verið gert til að bæta stöðu kvenna í sauðfjárrækt?

Stjórnvöld og grasrótarsamtök hafa ýtt úr vör ýmsum verkefnum til þess að bæta stöðu kvenna í landbúnaði. Þar ber helst að nefna (í tímaröð) jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands, verkefnið Byggjum brýr, Fósturlandsins freyjur og Lifandi landbúnaður (Hjördís Sigursteinsdóttir & Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, 2011).

Árið 2000 var stofnuð Jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands að tillögu Búnaðarþings. Jafnréttisnefndin taldi nauðsynlegt að efla konur innan starfstéttarinnar af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi má nefna að bændastéttin er fámennur hópur og því mikilvægt að allir innan hennar séu sýnilegir og komi að því að byggja upp nútímalega ímynd greinarinnar. Nauðsynlegt sé að rödd beggja kynja heyrist og að kynjamúrar bændastéttarinnar hverfi (Anna Margrét Stefánsdóttir, 2002).

Verkefnið Byggjum brýr er meðal þessara verkefna en markmið þess var að virkja og hvetja konur í landbúnaði enn frekar í því sem þær vilja taka sér fyrir hendur og styrkja þær þannig persónulega, félagslega og samfélagslega, ná fram jafnrétti innan landbúnaðargeirans og koma í veg fyrir flóttu ungra kvenna úr greininni (Ásdís Helga Bjarnadóttir, 2006).

Lifandi landbúnaður er grasrótarhreyfing kvenna í íslenskum landbúnaði. Markmið hreyfingarinnar er að stuðla að öflugri, litríkari og í auknum mæli, lifandi landbúnaði í persónulegum tengslum við neytendur ásamt því að stuðla að sterkari og stoltari bændastétt og þar með traustari byggð í landinu. Konur innan landbúnaðarins vilja með þessari hreyfingu hrinda af stað breytttri umræðu um landbúnað og líf á landsbyggðinni, átakið gengur út á að skapa breiða þekkingu,

jákvætt andrúmsloft, skilning og tengsl milli framleiðenda og neytenda – þéttbýlis og dreifbýlis. Jafnframt er ætlunin að gera konur í landbúnaði sýnilegri, virkja það afl og þekkingu sem í þeim býr og ýta undir að þær blómstri í sínu starfi og efla félagsleg hlutverk kvenna innan stéttarinnar (Sigríður Elín Þórðardóttir ofl., 2005).

Ímynd frumkvöðulsins

Í rannsókn Magnfríðar ofl. (2009) kom í ljós að verkaskipting hjóna í sauðfjárrækt virðist vera ójafnari en hjá kúabændum en í vinnu við sauðfé töldu viðmælendur að meira en helmingur vinnunnar væri á herðum karla. Þó væri mjög algengt að karl og kona skipti vinnunni með sér. Þegar kom að ferðapjónustu sinntu konur slíkri starfsemi að megninu til í um helmingi tilfella. Í heimavinnslu og sölu beint frá býli var algengast að ábúendur sinni því saman en þó er vert að nefna að á um þriðjungi þeirra býla, þar sem slík starfsemi fór fram, var henni meira sinnt af konunni og sjaldan bara af karli. Þetta gefur til kynna að konur séu framarlega í flokki þegar kemur að fjölpættri starfsemi þar sem fetaðar eru nýjar brautir (Magnfríður Júlíusdóttir ofl., 2009). Ljóst er að verkefni eins og Byggjum brýr og lifandi landbúnaður, snúa einkum að starfsemi í þágu kvenna.

Í þessari sömu rannsókn var ýmislegt nefnt sem hindrað gæti þróunina í átt til meiri fjölbreytni í sveitum. Í viðtölunum frá árinu 2007 töldu sumir frumkvöðlanna að hindranir væru ekki síst innan sveitasamfélagsins sjálfs. Þeir mættu ákveðnu hugarfari sem þeir þyrftu að brynja sig fyrir. Ástæðuna töldu þeir vera að meðalaldur bænda í þeirra sveit væri mjög hár – „Við teljum að í mörgum sveitum sé ennþá svokallað gamlakarlaveldi ...“ (Magnfríður Júlíusdóttir ofl., 2009, 60).

Konur í sveitum virðast samt sem áður vera mikill frumkvöðlaefniviður og nýsköpunartengdum námskeiðum hefur fjölgað mikið. Það er í anda byggða-áætlana í byrjun 21. aldar þar sem hamrað er á að styrkja þurfi frumkvöðlastarf

kvenna. Gagnrýni frumkvöðla var sú að það viðhorf virðist ríkja að konur til sveita hefðu nægan tíma aflögu (Magnfríður Júlíusdóttir ofl., 2009). Þessi gagnrýni endurómar það sem fram hefur komið hér á undan að þau umfangsmiklu störf sem konur inna af hendir séu ósýnileg þeim sem koma að skipulagningu og stefnumótun.

Í nýrri skýrslu frá RHA (Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri) kemur fram að sauðfjárbændur standi fyrir ákveðnum áskorunum vegna offramleiðslu á lambakjöti og því felist langtímahagsmunir sauðfjárbænda í að þróa og markaðssetja verðmætari vöru (Hjalte Jóhannesson & Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2015). Þessari áskorun verður erfitt að mæta án kvenna, þar sem þær eru helstu gerendur í þessum efnum, eins og kemur fram hjá Magnfríði ofl. (2009).

7. Hvað gefa fyrri rannsóknir til kynna og hvernig er hægt að bæta stöðuna?

Við vinnslu þessarar úttektar kemur í ljós að það hallar á konur í sauðfjárrækt á margan hátt. Vinna kvenna í sauðfjárrækt er oft lítt sýnileg en vinnuframlag þeirra er jafnframt mjög mikið. Þær verða oft af lífeyrisréttindum (ef þær sinna ekki jafnframt launavinnu utan heimilis) sem getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir þær þegar þær komast á eftirlaunaaldur. Ungar konur eru mjög fáar og er það verulegt áhyggjuefni. Þær taka ekki mikinn þátt í félagastörfum á vegum landbúnaðarins og í því felst ákveðin einangrun og jafnframt fá þær síður lán og stuðning til framkvæmda. Ákveðin verkefni hafa verið sett á laggirnar sem eru til þess fallin að bæta hlut kvenna og hafa mörg þeirra gengið ágætlega en virðast þó ekki skila þeim árangri sem lagt var upp með. Konurnar eru ímynd frumkvöðulsins og hafa verið hvattar til slíkrar starfsemi en það er þó ákveðnum vandkvæðum háð ef viðhorf stefnumótenda er það að konur í sveit hafi yfrinn frítíma en það samrýmist ekki niðurstöðum rannsókna. Þegar litið er á upptalninguna hér á undan vekur ef

til vill ekki mikla furðu að nýliðun kvenna innan greinarinnar sé takmörkuð. Það er þó alveg ljóst á viðmælendum (bændunum tveimur) að eldmóður er til staðar og nefna þær báðar ákveðnar leiðir til umbóta eins og tengslanet ungra bænda, tengslanet kvenna í sauðfjárrækt og aðra félagslega þætti sem þurfa að koma til að bæta stöðu kvenna í greininni. Þar sem þær búa (á Norðurlandi vestra), halda margir ungir bændur hópinn og hafa þar verið stofnuð formleg samtök ungra bænda á svæðinu. Slíkt tengslanet er nauðsynlegt til þess að ungt fólk og þá konur sérstaklega þrói sína sjálfsmynd sem bændur upp á nýtt og slíti sig frá gamla feðraveldinu.

Þegar hugmyndin um karlmennsku og kvenleika er aftur ígrunduð má sjá að þessar hugmyndir þrífast vel í sveitum landsins sem endurspeglast í þeirri hugmynd að heimilisstörf og umhyggja barna eru skyldur kvenna frekar en karla og eins í því hversu umræðan um bóndann sem karl er enn sterk. Ung hjón sem hefja búskap, sú nýja kynslóð sem á að taka við, verður að hafa tækifæri til að standa jafnfætis í sinni sambúð og í starfi.

Rætt var við Bjarnheiði Jóhannsdóttir, verkefnastjóra hjá Nýsköpunarmiðstöð um hvað væri hægt að gera til að bæta stöðu kvenna í sauðfjárrækt og velti hún fyrir sér hvort verkefnið Beint frá býli hafi valdeflandi áhrif á konur í sauðfjárrækt. Bjarnheiður þekkir vel til í þessum geira og hennar tilfinning er sú að verkefnið hafi jákvæð efnahagsleg og félagsleg áhrif á konurnar og mætti því styrkja konur innan sauðfjárræktar enn frekar í þessa átt. Eins taldi Bjarnheiður að endurskoða þyrfti fyrirkomulag beingreiðslna og er nokkuð ljóst að þar er mikið réttlætismál fyrir konur í landbúnaði almennt. Bjarnheiður taldi einnig að ef hægt væri að fá konur til áhrifa í sínum félagasamtökum þá væri það til bóta. Það myndi bæði styrkja stöðu kvenna innan greinarinnar og styrkja umrædd félagasamtök þar sem fjölbreyttari raddir fengju hljómgrunn.

8. Gloppur í rannsóknum á sviðinu

Nú eru tæp níu ár síðan Hjördís Sigursteinsdóttur gerði síðast rannsókn á stöðu kvenna í landbúnaði. Hennar mat er að tímabært sé að framkvæma nýjar rannsóknir. Aðspurð segir Hjördís: „Ég held að það færi best á því að spyrja konurnar sjálfar, hvort sem um megindlega eða eigindlega rannsókn yrði að ræða. Skoða stöðu þekkingar og bæta við hana með viðtölum eða rýnihópum, myndi ég telja ráðlegt. Spyrja út í félagslega stöðu, fjárhagsstöðu (hvort búið skili nógu, hvort vinna þurfi með og vinnuálagið kvenna) og stöðu barnanna félagslega, menntunarmöguleika.“ Ungir bændur eru framtíðin og þeirra reynsla og upplifun þarf að koma fram þegar unnið er að stefnumótun til að bæta stöðu þeirra.

Ljóst er á skýrslu Byggðastofnunar (2014) að mikill skortur er á skráðum upplýsingum, meðal annars kyngreindum upplýsingum um fólk sem starfar í landbúnaði.

Í upplýsingum frá Bændasamtökunum segir að leggja þurfi „áherslu á að fjölga störfum í landbúnaði og að virðisauki framleiðslunnar komi sveitunum til góða. Íslenskir bændur vilja stuðla að fjölbreytni og nýsköpun í landbúnaði og nýta auðlindir landsins með sjálfbærni að leiðarljósi“ (Bændasamtök Íslands, 2013). Taka má undir þau orð en ef hins vegar á að stuðla að nýliðun innan greinarinnar verða bændastörf að vera aðlaðandi kostur fyrir bæði konur og karla. Ein leið að því marki er að kyngreina upplýsingar til þess að skoða stöðu mála, bæði eftir búgreinum og kyni. Með því er hægt að bregðast við fækkun kvenna, til að mynda, eða miklu ósamræmi milli greina. Kynjasambætting þyrfti því að koma til framkvæmda innan kerfisins, til dæmis hjá Bændasamtökunum, Búnaðarfélögum og landbúnaðarráðuneyti, til þess að áhrif stefnumótunar á kynin væru ljós frá upphafi og að brugðist sé við á réttan hátt til að tryggja að jafnréttissjónarmið komi til skoðunar á öllum stigum stefnumótunar og framkvæmdar.

9. Frekari rannsóknir og mótun tillagna til úrbóta

Mikill vilji er meðal forystufólks íslenskra sauðfjárbænda til að jafn hlut karla og kvenna innan greinarinnar, eins og tilurð þessarar úttektar ber glöggvitni um. Helstu rannsóknir á sviðinu liggja fyrir og þar koma fram margvíslegar vísendingar um að margt megi betur fara og að markvissra aðgerða sé þörf til að rétta hlut kvenna innan greinarinnar. Lagt er til að framkvæmd sé rannsókn þar sem staða kvenna innan sauðfjárræktar verði rýnd með ítarlegri hætti og jafnframt verði mótaðar markvissar tillögur til úrbóta.

Í úttektinni verður blönduðum rannsóknaraðferðum félagsvísindanna beitt, í svaðkölluðu samsíða rannsóknarsniði þar sem meginlegum aðferðum er beitt jafnhliða eiginlegum aðferðum. Ef viðunandi stuðningur fæst við rannsóknina, mun hún hefjast á fyrri hluta árs 2016 og ljúka ári síðar þegar lokasamantekt er gefin út.

Lagt er til að úttektarvinnu verði skipt í þrjú framkvæmdaþætti:

- I. Söfnun og greining almennra gagna (töluleg gögn, spurningakönnun og djúpvíðtöl)
- II. Opnir fundir með konum í sauðfjárrækt
- III. Mótun tillagna til úrbóta

10. Söfnun og greining almennra gagna

Tölulegar greiningar

Byggt er á fyrirliggjandi tölulegum gögnum, m.a. um tekjur bóa og skráningu þeirra, nýliðun og öðru sem fyrir liggur. Þá verður tölulegum gögnum einnig safnað með meginlegri spurningakönnun meðal bænda.

Spurningakönnun meðal bænda

Spurningakönnun verður lögð fyrir meðal bænda, bæði kvenna og karla, til að kanna þætti eins og tekjur og lífsafkomu, atvinnuþátttöku og önnur launuð störf, vinnuskiptingu, tímanotkun, félagslega stöðu sauðfjárbænda, fæðingarorlof, nýsköpun og réttindi til eftirlauna og orlofs, s.s. fæðingarorlofs og veikinda-réttinda, sem og almenn viðhorf þeirra til þeirra þátta sem rannsóknin rýnir. Fyrirlögn verður í gegnum tölvu þar sem forritið Survey Monkey er nýtt en flestir bændur hafa aðgang að tölvu vegna búrekstrarins og eru tölvufærir. Tekið verður einfalt slembiúrtak úr félagaskrá Landssamtaka sauðfjárbænda, sem gefur góða yfirsýn yfir viðhorf og stöðu þess margbreytilega hóps sem sauðfjárbændur eru. Könnunin verður send út af Landssamtökunum, en úrvinnsla verður í höndum Rannsóknastofu í jafnréttisfræðum við HÍ. Könnunin verður forprófuð meðal lítils hóps svarenda.

Kerfislægar breytingar

Greindar eru kerfislægar hömlur fyrir framgangi kvenna innan greinarinnar, hvernig má beita kynjasambættingu, bæta skráningu og tryggja réttindi kvenna. Möguleg kerfislæg fyrirstaða er einnig skoðuð með spurningakönnun og í djúpviðtölum við konur.

Djúpviðtöl við konur innan greinarinnar

Tekin verða djúpviðtöl við konur innan sauðfjárræktar í ólíkum landshlutum. Viðtölin eru tekin upp, kóðuð og þemagreind. Lagt er upp með að taka 14 djúpviðtöl, við konur sem búa í ólíkum landshlutum og eru á ólíkum aldri, sem byggja öll á sama viðtalsvísi. Djúpviðtöl eru heppileg aðferð til að kanna með ítarlegri hætti veruleika þessara kvenna, líf þeirra og störf, viðhorf og framtíðarsýn fyrir eigin hönd og stallsystra þeirra.

Samanburður milli landshluta og skoðun á verkefnum sem heppnast hafa vel

Staðan virðist vera nokkuð mismunandi milli ólíkra landshluta. Sem dæmi má nefna Norðurland vestra, en þar býr um þriðjungur íbúa í strjálbýli og þar virðist hafa náðst ákveðin viðspyrna hvað varðar þróun byggðar og er staðan í sauðfjárbúskap þar einnig hvað sterkust á landinu. Hér er um athyglisverða þróun að ræða sem vert væri að rannsaka nánar (Hjalti Jóhannesson & Jón Þorvaldur Heiðarsson, 2015). Bændurnir sem rætt var við eru frá þessu svæði og þar er formlegt félag ungra bænda starfandi. Þegar þær voru spurðar um ástæður þess að svo margir ungir bændur væru á svæðinu svaraði önnur því til að það sé „svólítið í tísku að vera bóndi“ og þær töldu báðar að mikilvæg ástæða væri sú að eldri bændum væri mikið í mun að býlin legðust ekki í eyði heldur að einhver tæki við. Þannig væri það bæði þannig að býli væru seld á viðráðanlegu verði og að eldri kynslóð rýmdi til fyrir börnum sem vildu taka við og „gæfu þeim rými“. Viðhorf og félagslegar aðstæður virðast því hafa nokkuð vægi og er áhugavert að kanna með ítarlegri hætti hvernig slíkir þættir skýra stöðu innan ólíkra landshluta.

Þá er jafnframt áhugavert að kanna nánar þau verkefni þar sem vel hefur tekist til, til að skoða hvort nýta megi enn betur þær nálganir sem vel hafa gefist fram að þessu. Jafnvel má leita út fyrir landsteinana til að finna farsæl verkefni sem gefist hafa vel erlendis.

11. Opnir fundir með konum í sauðfjárrækt

Í síðasta hluta úttektarinnar, þegar frumniðurstöður úr öðrum áfanga liggja fyrir er ætlunin er að halda sex opna fundi í ólíkum landshlutum. Þar verða þessar niðurstöður kynntar fyrir konum í sauðfjárrækt á hverju svæði fyrir sig, en markmiðið með fundunum er ekki síður að leita eftir samtali við konur í sauðfjárrækt og innleggi þeirra hvað varðar hagnýtar úrlausnir og tillögur til

úrþóta. Framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda og aðili úr úttektarhópnum munu halda fundina í samvinnu við sveitarfélög eða landshlutasamtök á hverjum stað fyrir sig.

12. Mótun tillagna til úrþóta

Þar sem megintilgangur úttektarinnar er hagnýtur, er mikil áhersla lögð á að verkefnið muni gera haghöfum kleift að vinna með markvissar tillögur til úrþóta. Þessar tillögur munu byggja á þeirri víðfemu gagnaöflun sem gerð hefur verið í fyrri stigum úttektarinnar og verða settar fram í lokaskýrslu úttektar.

13. Aðrar tillögur til úrbóta

Ljóst er að þó að enn skorti mikilvægar upplýsingar um nákvæma stöðu mála er ljóst að kynjamisrétti innan greinarinnar er ótvírætt. Fyrir utan þær rannsóknir sem lagt er til að ráðist verði í, í næstu áföngum úttektarinnar, er lagt til að nú þegar verði hafin sókn gegn þeim kerfislægu hindrunum sem viðhalda ójafnri kynjaskiptingu og mismunun innan þess kerfis sem við búum við.

Eftirfarandi tillögur til úrbóta eru lagðar til:

1. Bætt skráning á kyngreindum upplýsingum um fólk sem starfar í landbúnaði og innleiðing kynjasambættingar innan landbúnaðarkerfisins, til dæmis hjá Bændasamtökunum, Búnaðarfélagum og landbúnaðarráðuneyti. Með því móti er hægt að varpa ljósi á áhrif stefnumótunar á kynin og tryggja að jafnréttissjónarmið komi til skoðunar á öllum stigum stefnumótunar og framkvæmdar.
2. Mikilvægt skref í átt til aukins jafnréttis er að aðildarfélag Landssamtaka sauðfjárbænda gæti að kynjasjónarmiðum við kosningu í stjórnir og önnur trúnaðarstörf.
3. Landbúnaðarráðuneytið er hvatt til að endurskoða reglur um hver er skráður fyrir búum með það að markmiði að jafna rétt kynjanna s.s. skráningu eigna og húsnæðis.

Heimildaskrá

- Anna Margrét Stefánsdóttir (2002). *Skýrsla um verkefnið: Glymur og gleði fyrir öflugar konur í íslenskum landbúnaði!* Reykjavík: Jafnréttisnefnd Bændasamtaka Íslands.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (2013). *Greining á búvörusamningum; Áfangaskýrsla II*. Sótt þann 29. október 2015 af: http://www.fjarmalaraduneyti.is/media/skjal/anr_afang_buvorusamingar_2013.pdf.
- Ásdís Helga Bjarnadóttir (2006). *Byggjum brýr – "Building Bridges"*. Fræðaðing landbúnaðarins 2006. Sótt þann 3. nóvember 2015 af: [http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/a2acda544e1c7d4c002571010053cd85/\\$FILE/53.pdf](http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/a2acda544e1c7d4c002571010053cd85/$FILE/53.pdf).
- Ásta Jóhannsdóttir og Kristín A. Hjálmarsdóttir (2011). *Skaðleg karlmennska? Greining á bókinni Mannasiðir Gillz*. Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Sótt þann 3. nóvember 2015 af: <http://netla.khi.is/greinar/2011/alm/005/005.pdf>.
- Bock, B.B. (2006). Introduction: Rural gender studies in north and south. Í B.B. Bock og S. Shortall (ritstj.), *Rural Gender Relations* (bls. 1-15). Wallingford: CAB.
- Bragi Skúlason (2005). *Ekkjar og kvæntir karlar: Sorg, trú og samfélag*. Reykjavík: Gagnasmiðjan.
- Byggðastofnun (2014). *Staða kvenna í landbúnaði og tengdum greinum*. Óbirt.
- Bændasamtök Íslands. (2014). *Samþykktir Bændasamtaka Íslands og þingsköp búnaðarþings*. Sótt þann 2. nóvember 2015 af: <http://bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7136>.
- Bændasamtök Íslands (2013). *Svona er íslenskur landbúnaður 2013*. Sótt þann 3. nóvember 2015 af: <http://www.bondi.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=6813>.
- Francis, B. (2006). The nature of gender. Í Christine Skelton, Becky Francis og Lisa Smulyan (ritstj.). *The Sage handbook of gender and education* (bls. 7–17). London: Sage.
- Framleiðnisjóður landbúnaðarins (2014). *Ársskýrsla 2014*. Sótt þann 2. nóvember 2015 af: http://www.fl.is/files/Skra_0070758.pdf.

- Gap Analysis: Identifying What Needs to be Done in a Project. (e.d.). Sótt þann 2. nóvember 2015 af: <https://www.mindtools.com/pages/article/gap-analysis.htm>
- Gasson, R. (1992). Farmers' Wives and their Contribution to the Farm Business. *Journal of Agricultural Economics* 43, 74-87.
- Guðný Guðbjörnsdóttir (2007). *Menntun, forysta og kyngervi*. Reykjavík: Háskólaútgáfa.
- Helga Björnsdóttir (2011). *Give me some men who are stout-hearted men, who will fight, for the right they adore: negotiating gender and identity in Icelandic peacekeeping*. Reykjavík: University of Iceland, Faculty of Social and Human Sciences.
- Hjalti Jóhannesson og Jón Þorvaldur Heiðarsson (2015). *Samfélagsleg þýðing sauðfjárbúskapar*. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri. Sótt þann 4. nóvember 2015 af: http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2015/saudfjarraekt_rha-loka-br_300315.pdf.
- Hjördís Sigursteinsdóttir (1998). *Staða kvenna í dreifbýli á Norðurlandi vestra*. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri. Sótt þann 30. október 2015 af: http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/1998/konur_nordurland_vestra_1998.pdf.
- Hjördís Sigursteinsdóttir (2008). *Staða karla og kvenna á lögbýlum á Íslandi; jafnrétti í skráningu eignarréttinda í landbúnaði árið 2007*. Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri. Sótt þann 30. október 2015 af: http://www.rha.is/static/files/Rannsoknir/2008/lokaskýrsla_mars_08.pdf.
- Hjördís Sigursteinsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir (2009). Staða kvenna í landbúnaði. Kynjafræðilegur sjónarhóll. *Stjórnmal og stjórnsýsla*. 1(5), 27-47.
- Ingólfur Gíslason og Kjartan Ólafsson (2005). Könsmönster i flyttingar fran landsbygden pa Island. Í M. I., B. A., & J. S. *Med periferien i sentrum - en studie av lokal velferd, arbeidsmarkad og kjønnsrelasjoner i den nordiske periferien*.
- Jafnréttisstofa - Hvað er kynjasambætting? (e.d.). Sótt þann 4. nóvember 2015, af: <http://www.jafnretti.is/jafnretti/?D10cID=Page3&ID=141>
- Jón Yngvi Jóhannsson (1997). *Að loknu gullæði: Um þrjár íslenskar karlasögur. Skýrnir, tímarit hins íslenska bókmenntafélags*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Landssamtök sauðfjárbænda. (e.d.) *Stjórn og nefndir*. Sótt þann 5. nóvember 2015 af: <http://saudfe.is/samtokin/stjorn.html>.
- Magnfríður Júlíusdóttir, Anna Karlsdóttir, Karl Benediktsson, Inga Elísabet Vésteinsdóttir og Sigfús Steingrímsson (2009). *Litróf búskapar og byggða: Fjölbættur landbúnaður á Íslandi*. Sótt þann 4. nóvember 2015 af: <http://hdl.handle.net/1946/6885>.
- Paechter, C. (2007). *Being boys, being girls: Learning masculinities and femininities*. Maidenhead: Open University Press.
- Páll Björnsson (2002). *Að búa til íslenska karlmenn: Kynjaímyndir Jóns forseta. 2. Íslenska sögubingid, ráðstefnurit*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands.
- Sigríður Þorgeirsdóttir (1999, 24. apríl). *Eðli kvenna í ritum heimspekinga: Frá Aristótelesi til Gunnars Dal*. Sótt þann 5. nóvember 2015 af: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=463675.
- Sigríður Elín Þórðardóttir, Stefanía Óskarsdóttir, Bjarnheiður Jóhannsdóttir, Helga Björg Ragnarsdóttir, Kristín Karlsdóttir og Erna Bjarnadóttir (2005). *Eignarhald kvenna í atvinnurekstri og landbúnaði*. Sótt þann 30. október 2015 af: http://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/eignarhald_kvenna.pdf.
- Steinunn Rögnvaldsdóttir (2012). *A haunted society: Old age pensions in Iceland from a gender perspective*. Meistararitgerð í kynjafræði frá Háskóla Íslands. Sótt þann 4. nóvember 2015 af: <http://hdl.handle.net/1946/11115>.
- Velferðarráðuneytið (2004). *Skýrsla félagsmálaráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála frá árinu 2004*. (Lögð fyrir Alþingi á 133. löggjafarþingi 2006–2007). Sótt af: http://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Skyrsla_um_jafnrettismal_fra_2004.pdf